

Fundargerð
307. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)
Fimmtudaginn 10. júní 2021 kl. 8³⁰–09³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með breytingu sem lögð var til á fundinum, án áritunar

2. Rekstraáætlun

ÓK fór yfir vinnu við rekstraráætlun. Vinna hefur tafist vegna kerfisbreytinga á móttöku reikninga á rafrænu formi.

Frestað.

3. Raftæki

Framhaldið var umræðu um ráðstöfun raftækja frá síðasta fundi þar sem lögð var fram tillaga um að tilkynna þjónustuaðilum í raf- og rafeindatækjum eftirfarandi með 12-24 vikna aðlögun vegna breyttra ráðstöfunar til sérhæfðra endurvinnsluaðila:

Að ráðstöfun kælitækja í brotamálma verði óheimil, og að ráðstöfun stórra raftækja í brotamálma verði óheimil. Áfram verður heimilt að ráðstafa málmum úr raftækjum í brotamálma

Stjórn samþykkir að ítreka við þjónustuaðila raf- og rafeindatækja að ráðstöfun kælitækja fylgi skilmálum Úrvinnslusjóðs nú sem hér eftir sem og ráðstöfun stórra raftækja með hliðsjón af sundurgreiningu íhluta og efnisflokka.

4. Heyrulluplast

Rætt um beiðni PNR um hækkun óhreinindahlutfalls við útreikning framlaga fyrir meðhöndlun heyrulluplasts. Farið yfir ákvörðun stjórnar í maí 2020, útreikning

óhreinindahlutfalls í heyrúlluplasti, tilkynningu ákvörðunarinnar og mögulega endurskoðun verkferla í því sambandi. Stjórn ræddi ákvæði stjórnsýslulaga og framkomið lögfræðialit.

Rætt um vinnu við endurskoðun flutningsjöfnunarkerfis og að sú endurskoðun næði einnig til núllpunkta kerfisins. Upplýst var á fundinum að Mannvit ynni að gerð nýrrar reiknireglu fyrir flutninga.

Farið var yfir að Úrvinnslusjóður hefur tekið upp viðræður við PNR um að breyta stöðu þeirra úr þjónustuaðila í ráðstöfunaraðila.

Stjórn ræddi rekjanleika á heyrúlluplasti til aðila utan EES.

5. Önnur mál.

Rætt um fundaáætlun stjórnar.

Næsti fundur 24. júní 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 09:30